

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands
Miðvikudaginn 12. feb 2026, klukkan 17:00
Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður (HP), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIB), Pétur Andreas Maack (PM), Vilhelm Bjarnason (VB), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.
Fjarverandi: Brynja Vignisdóttir (BV), Sigrún Agata (SAA),

Fundargerð síðasta fundar 7. janúar lá frammi á samskiptavef stjórnar og bárust engar athugasemdir, fundargerðin var samþykkt.

Landsliðsmál, farið var yfir stöðu landsliðsmála, bæði hvað varðar verkefni sem lokið er og þau sem eru framundan. KHK óskaði skýringa á því hvernig það kom til að Breki Brekason BB, var valin í landsliðshóp en ekki sá sem var fyrstur á varalista. VG skýrði frá því að BB hefði komið í síðustu æfingabúðir sem haldnar voru á Akureyri. Þar hefði hann litið betur út en menn þorðu að vona. En þjálfarar tóku fram að þeir vildu standa við áður útgefin lista. Síðan verða forföll í hópnum með stuttum fyrirvara og þegar á að fara að undirbúa að taka inn Egil Þorsteinsson sem var efstur á vara lista. Kemur í ljós að hann er með tvöfalt ríkisfang og nokkrum vikum áður var vinna í gangi við að fá bróður hans Sæmund Þorsteinsson samþykktan, sú vinna tók 3 vikur. Framkvæmdastjóri hafði engar upplýsingar um það að þessi einstaklingur væri með tvöfalt ríkisfang eða að hann og Sæmundur væru bræður. Við þessar aðstæður ákváðu þjálfararnir að kalla inn í hópinn Breka Brekason. Farið var yfir stöðu þeirra verkefna sem eru í undirbúningi sem eru karla og kvenna lið.

Farið var yfir stöðu á Ofurhelgum sem eftir eru og úrslitakeppnir karla og kvenna. GIB kom fram með áhyggjur að erfitt gæti reynst að manna dómgæslu í úrslitakeppni. Var það rætt nokkuð í samhenginu að við þurfum að fá nýja aðila í dómgæslu, án þess að þeir verði of margir.

U14 selects verkefnið, KHK skýrði frá framgangi þess verkefnis. Í undirbúningi er að senda út til keppni Stúlkur í bæði AAA og AA flokkum. Í drengjaflokkum er verið að skipuleggja að fara inn í mót með bæði AA og A flokka. Enn vantar þó að finna hentugt mót fyrir A flokk drengja.

HP hefur verið í samtali við Írland um að þeir sendi hingað yfir kvenna lið sitt til keppni í helgarmóti stúlkna. Írska liðið yrði þá fjórða liðið sem tæki þátt í þessu móti. HP hvattur til þess að halda áfram að kanna landið með mót sem þetta.

Áhugi er hjá Gunnlaugi Björnssyni Thoroddsen að halda markmanns æfingabúðir um miðja maí mánuð, Málið er í vinnslu.

Önnur mál:

Búningar landsliða, þar sem 4 ára tímabili með þessa landsliðsbúninga er að ljúka þá þarf að undirbúa og hanna fyririr næstu fjögur ár ný keppnissett fyrir landsliðin, VG lagði til að Pétri Maack yrði falið að gera hönnunar tillögur. Það var samþykkt.

VG kallaði eftir því að ferlar yrðu að vera skýrir þegar óvænt atvik koma upp. Fór hann í gegnum hvað hefði mátt gera betur að hans mati. Þegar hreyfingin var allt í einu að glíma við óvænt dauðsfall ungs leikmanns. Ekki voru allir á sama máli og var umræðan ekki tæmd.

Fundi slitið.